

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Keflavíkurflugvelli.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti þann 1. febrúar 2019 deiliskipulag á vestursvæði Keflavíkurflugvallar, Flugstöðvarsvæðið.

Deiliskipulagssvæðið er um 275 ha að stærð og nær til flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og svæðis umhverfis hana. Að sunnan afmarkast skipulagssvæðið af flugbrautakerfi vallarins.

Gerðar voru breytingar á deiliskipulagstillögunni í kjölfar innsendra ábendinga og athugasemda og liggja svör við þeim í viðauka 4 í skipulagsskilmálum deiliskipulagsins.

Meginbreytingar eru:

Svæði sem deiliskipulag nær til var víkkað til austurs til að hafa inni á því svokallaðar byrðingastöðvar (e. Boarding Station). Það var gert með samþykki Skipulagsstofnunar.

Gerð var 25 m<sup>2</sup> lóð í SA-horni Gæsavallar 10.

Skýringarmynd var bætt við vegna Reykjanesbrautar.

Texta í töflum um byggingarmagn var breytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð í samræmi við 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hins nýja deiliskipulags mun gildandi deiliskipulag með síðari breytingum falla úr gildi.

Í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er niðurstaða skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar hér með auglýst.

Hægt er að kæra samþykkt skipulagsnefndarinnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þann 25. mars 2019.

*F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, 11. mars 2019,*

**Sveinn Valdimarsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. mars 2019